

4. gr.

Útgefandi skuldabréfs samkvæmt reglum þessum skal hafa fengið andvirði þess til ráðstöfunar.

Skuldabréfið má ekki vera tryggt af útgefanda eða ábyrgt af aðilum tengdum útgefanda né veita kröfuhafa með neinum öðrum hætti forgang eða betri rétt gagnvart öðrum kröfuhöfum. Skuldabréfið skal bókfært undir liðnum víkjandi skuldir í reikningsskilum og vextir samkvæmt 3. tl. 2. gr. og 3. tl. 3. gr. skulu bókfærðir sem vaxtagjöld.

Samtala skuldabréfa samkvæmt 1. og 2. tölulið 1. gr. má að hámarki nema 33% af eiginfjárþætti A í eiginfjáruþreikningi. Samtala skuldabréfa samkvæmt 2. tölulið 1. gr. má að hámarki nema 15% af eiginfjárþætti A í eiginfjáruþreikningi. Framangreind hámark gilda bæði fyrir móðurfélag og samstæðu.

5. gr.

Reglur þessar eru settar á grundvelli 10. mgr. 84. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, og öðlast þegar gildi. Jafnframt falla þá úr gildi reglur nr. 540/2003, um viðbótareiginfjárlið fyrir fjármálafyrirtæki.

Fjármálaeftirlitinu, 26. janúar 2005.

Páll Gunnar Pálsson.

Ragnar Haflíðason.

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Sveitarfélaginu Árborg.

1. gr.

Af hundum í Sveitarfélaginu Árborg skal bæjarsjóður innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, sem er ætluð til að standa undir kosnaði við framkvæmd samþykktar um hundahald í Sveitarfélaginu Árborg, nr. 127/2003, sbr. 2. gr. hennar.

2. gr.

Við umsókn um skráningu hunds skal innheimta gjald sem hér segir:

A) Skráning	kr. 6.500
B) Skráning eftir útrunninn frest, sbr. 1. mgr. 2. gr. samþykktar um hundahald	kr. 10.000
C) Bráðabirgðaskráning	kr. 1.000

3. gr.

Af skráðum hundum skal innheimta árlegt eftirlitsgjald sem hér segir:

Fyrir hvern hund kr. 8.500

Ekki skal innheimta eftirlitsgjald sama ár og hundur er skráður.

4. gr.

Greiðsla fyrir ábyrgðartryggingu og hundahreinsun er innifalin í gjaldi samkvæmt 2. gr. A og 3. gr.

5. gr.

Við afhendingu handsamaðs hunds skal innheimta handsömunargjald sem hér segir:

Fyrsta afhending hunds	kr.	7.000
Önnur afhending hunds	kr.	10.000
Þriðja afhending hunds	kr.	14.000

Að auki skal greiða þann kostnað sem leggst á vegna dvalar eða geymslu viðkomandi hunds. Óskráða hunda má ekki afhenda fyrir en að lokinni skráningu og greiðslu skráningargjalds og annars áfallins kostnaðar.

6. gr.

Gjalddagi skv. 3. gr. er 20. febrúar og eindagi 20. mars. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga.

Um innheimtu gjalda fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

Við afskráningu hunds ber að endurgreiða árlegt gjald í réttu hlutfalli við þá mánuði sem eftir lifa af árinu.

7. gr.

Eigendur blindra-, leitar- og björgunarhunda eiga rétt á niðurfellingu gjalda samkvæmt 2. og 3. gr., enda leggi þeir fram skilríki um að hundarnir séu notaðir í þeim tilgangi.

8. gr.

Ofangreind gjaldskrá bæjarstjórnar Árborgar staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998, með síðri breytingum, um hollustuhætti og mengunarvarnir, samanber samþykkt um hundahald í Sveitarfélaginu Árborg nr. 127/2003, til að öðlast gildi þegar við birtingu.

Bæjarstjórnin í Árborg, 28. janúar 2005.

Einar G. Njálsson.

GJALDSKRÁ

Hafnasamlags Norðurlands (HN).

Skipagjöld.

Við ákvörðun hafnagjalda skal miða við brúttótölu skipa samkvæmt alþjóðlegu mælibréfi, sem gefið er út eftir ákvæðum alþjóðasamþykktarinnar um mælingu skipa frá 1969. Af öllum skipum skal greiða hafnagjöld til hafnasjóðs ef þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar og njóta þjónustu hennar.

Lestagjöld: 9,25 kr. á mælieiningu.

Af öllum skipum skal greiða lestagjald kr. 9,25 á mælieiningu en þó ekki oftar en tvisvar í mánuði.